

**Skeljungur hf.**  
Shell einkaumboð

Alþingi

Erindi nr. Þ 117 / 1187

Komudagur 1 / 12 1993



Reykjavík 1. desember 1993

Nefndadeild skrifstofu Alþingis,  
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa  
Þórshamri, Templarasundi,  
150 Reykjavík

Visað er til bréfs dags. 25. nóvember 1993

Í tilvísuðu bréfi er óskað eftir umsögn Skeljungs hf um frumvarp til laga um skattamál, 251. mál. Svör félagsins eru eftirfarandi:

*Niðurfelling landsútsvars - hækkun vörugjalds.*

Skeljungur hf. lýsir yfir ánægju sinni með þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að álagning landsútsvars verði felld niður, enda telur félagið sjálfsagt og eðlilegt að olíufélög sitji við sama borð og önnur atvinnustarfsemi í landinu m.t.t. álagningar á útsvari sem og annarar skattlagningar. Skeljungur hf treystir því, að við gefin fyrirheit verði staðið og er út frá því gengið í því sem hér fer á eftir.

Þau peningalegu áhrif sem umrædd breyting hefur í för með sér fyrir félagið er fyrst og fremst íþynging á greiðslubyrði. Í útreikningum Skeljungs hf, sem lagðir voru fram til grundvallar við ákvörðun á greiðslufresti vörugjalds, er greiðslufrestur áætlaður 51 dagur að meðaltali. Á þessa útreikninga var fallist af hálfu fjármálaráðuneytis. Landsútsvar er greitt 15. júlí, eða 196 dögum eftir lok söluárs. Meðalgreiðslufrestur af landsútsvari eru því 379 dagar. Mismunur á greiðslufresti er 328 dagar. Vegið meðaltal af vöxtum á yfirdráttarlánum er 15,4%. Vextir í 328 daga eru samkvæmt ofangreindu 13,8%. Kostnaðarauki Skeljungs hf vegna breytinganna er áætlaður 6,3 mkr. Þess er því óskað að greiðslufrestur á vörugjaldi verði leiðréttur miðað við ofangreinda útreikninga, verði frumvarpið að lögum, til að koma í veg fyrir annars óhjákvæmilega hækkun útsöluverða. Að mati félagsins er eðlilegast að 7% vörugjald leggist á allar bensínbirgðir í eigu olíufélaganna um áramót og er vísað til hliðstæðrar afgreiðslu fjármálaráðuneytisins vegna breytinga á sérstöku vegagjaldi í vörugjald þann 1. júlí sl. Aukin greiðslubyrði olíufélaganna yrði síðan jöfnuð með breytingu á gjaldfresti vörugjalds.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að verðlag á bensíni breytist við niðurfellingu landsútsvars og hækkunar á vörugjaldi úr 90% í 97%. Á það er fallist, en rétt er að vekja athygli á þeim eðlismun, að tekjur af vörugjaldi ákvarðast af innkaupsverði, en tekjur af landsútsvari reiknast af útsöluverði. Tekjur af landsútsvari eru mun jafnari, þar sem þær reiknast að mestu af föstum liðum, s.s. bensíngjaldi, flutningsjöfnunargjaldi, sölulaunum og álagningu, sem eru óháðir innkaupsverði.

## Skeljungur hf.

### *Hækkun á bensíngjaldi.*

Ekki eru gerðar athugasemdir við útreikninga á bensíngjaldi í frumvarpinu, enda er það ekki í verkahring Skeljungs hf að leiðbeina ríkissjóði við ákvarðanir í skattamálum. Þó er athygli vakin á því að ríkissjóður fær nú þegar yfir 70% af andvirði hvers bensínlíttra. Bensínverð á Íslandi er með því hæsta sem gerist og greinilega má merkja samdrátt í sölu, vegna hækkandi verðs, sem er afleiðing af auknum álögum ríkisins. Það virðist því álitamál hvort raunhæft sé að gera ráð fyrir óbreyttri sölu miðað við umrædda hækkun á bensíngjaldi og hvort hækkun bifreiðagjalda muni ekki draga enn frekar úr sölu á bensíni og rýra þannig áætlaðar tekjur ríkisins af bensínsölu.

Virðingarfyllst;

SKELJUNGUR HF;



Kristinn Björnsson